



Menningar- og íþróttaráð

Reykjavík, 6. maí 2026

MIR26050002

Endurnýjun samninga til 3 ára

Lagt er til að eftirfarandi samningar verði endurnýjaðir:

- Bókmenntahátíð í Reykjavík – 3 ára samningur að upphæð 4.m.kr. árlega á tímabilinu 2027-2029.
- Tjarnarbíó – 3 ára samningur að upphæð 29. m.kr. á ári fyrir tímabilið 1. júlí 2026 – 30. júní 2029.
- Stórsveit Reykjavíkur – 3 ára samningur með menningar- og nýsköpunarráðuneyti. Ráðuneytið gerir samninginn á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármal nr. 123/2015 og reglugerðar nr. 642/2018. Heildarskuldbinding samnings er 36 m.kr. þar af er framlag með menningar- og nýsköpunarráðuneytis 24 m.kr. og Reykjavíkurborgar 12 m.kr. á gildistíma samningsins 2027-2029.

Virðingarfyllst,

Arnfríður S Valdimarsdóttir
skrifstofustjóri

Hjálagt:
Samningar

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, annars vegar (MÍR) og Menningarfélagið Tjarnarbíó, kt. 590810-1180, hins vegar (MTB), gera með sér svohljóðandi

Samstarfssamning um rekstur Tjarnarbíós

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Markmið með rekstri Tjarnarbíós er að skapa miðstöð fyrir sviðslistir og aðra menningarviðburði þar sem einstaklingum og hópum í menningarstarfi er gert kleift að leigja aðstöðu á viðráðanlegu verði.

Vísað er til menningarstefnu Reykjavíkurborgar þar sem segir:

- „Allir íbúar borgarinnar hafi jöfn tækifæri til að njóta og vera sýnilegir í menningar – og listalífinu, bæði sem þátttakendur og neytendur“
- „Stutt er við faglegt umhverfi lista með því að efla listrými, vinnustofur og aðra aðstöðu listafólks og skapandi framleiðenda“
- „Áhersla er lögð á að styðja við sjálfstæð menningarverkefni sem stuðla að fjölbreytni og inngildingunni viðkvæmra og jaðarsettra hópa.“

Tjarnarbíó skal þannig leggja áherslu á:

- að Tjarnarbíó nýtist sjálfstæðum atvinnuleikhópum fyrir sýningar – en jafnframt æfingar eftir því sem við verður komið.
- að Tjarnarbíó haldi áfram því blómlega starfi sem einn meginvettvangur nýsköpunar í íslenskum sviðslistum.
- að fjölbreytilegir menningarviðburðir njóti aðgangs að húsinu þótt starfsemi tengd sviðslistum sé í forgangi.
- að listuppeldi barna og unglunga sé sinnt.
- að Tjarnarbíó taki þátt, þegar því verður við komið, í hátíðunum sem Reykjavíkurborg fjármagnar og framkvæmir s.s. Barnamenningarhátíð, Vetrarhátíð og Menningarnótt
- að Tjarnarbíó taki þátt, þegar því verður við komið, í hátíðum sem Reykjavíkurborg styrkir, s.s. Reykjavík Dance Festival, Lókal – alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík, RVK Fringe Festival, Óperudagar o.fl.

2. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Árlegt framlag Reykjavíkurborgar til MTB vegna Tjarnarbíós í beinum fjárframlögum er 29 m.kr. fyrir leikárið 1.júlí 2026 til 30 júní 2027. Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning: 101-26-100338.

Greiðsla framlags, alls 29 m.kr. skiptist þannig árið 2026 til 30. júní 2027.

júlí 2026:	6.000.000 kr.	janúar 2027:	3.000.000 kr.
ágúst 2026:	6.000.000 kr.	febrúar 2027:	2.000.000 kr.
sept. 2026:	2.000.000 kr.	mars 2027:	1.000.000 kr.
okt.2026:	2.000.000 kr.	apríl 2027:	1.000.000 kr.
nóv. 2026 :	1.000.000 kr.	maí 2027:	2.000.000 kr.
des. 2026:	1.000.000 kr.	júní 2027:	2.000.000 kr.

Tímabilið 1. júlí 2027 – 30. júní 2028

Greiðslufyrirkomulag verði hið sama og fram kemur hér að ofan, samtals 29 m.kr.

Tímabilið 1. júlí 2028 – 30. júní 2029

Greiðslufyrirkomulag verði hið sama og fram kemur hér að ofan, samtals 29 m.kr.

3.gr. Markmið MTB

Tjarnarbíó skal vera heimili lifandi lista og grasrótastarfs í listum. Megináherslur Tjarnarbíós verða eftirfarandi:

- að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá af því besta og ferskasta í íslenskum sviðslistum
- að Tjarnarbíó vinni sér enn sterkari sess í hugum listamanna og landsmanna sem klasi sjálfstæðra sviðslista, þar sem sköpunarkraftur, fjölbreytileiki, frumleiki og gæði fara saman.
- að Tjarnarbíó verði eftirsóttur vettvangur fyrir atvinnuleikhópa að setja á svið eigin verk
- að Tjarnarbíó verði leiðandi afl hérlendis í alþjóðlegu samstarfi í sviðslistum og auki veg sviðslista sem atvinnu- og útflutningsgreinar

4. gr. Framlag MTB

MTB tekur að sér rekstrarstjórn á Tjarnarbíói og er ábyrgt fyrir rekstri, skipulagningu og kynningu á starfsemi hússins.

- MTB skal gangast fyrir öflugri og samfelldri menningarstarfsemi í Tjarnarbíói á eigin vegum, í samstarfi við aðra eða með öðrum þeim hætti sem samræmist 1. og 3. grein og tryggir góða nýtingu á húsinu. Taka ber tillit til starfsleyfis, einkum hvað varðar hættu á truflun vegna hávaða.
- MTB ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning.
- MTB er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.
- Reykjavíkurborg er ekki ábyrg fyrir neinum öðrum greiðslum Tjarnarbíós en sem nemur þessum samningi og samningi MTB við eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

- 5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Tjarnarbíós jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að rekstur Tjarnarbíós sé styrktur af Reykjavíkurborg og hún sé þess helsti bakhjarl.

- Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Tjarnarbíós með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt.
- Tjarnarbíó skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar leikhúsið er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.
- Hafa skal samstarf við Reykjavíkurborg til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til íbúa og erlendra gesta.

- Reykjavíkurborg fær myndir af viðburðum og /eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík, þ.á.m. á vefog samfélagsmiðlum.

6. gr. Hússtjórn

Hússtjórn Tjarnarbíós hefur eftirlit með rekstri þess og með efndum samnings þessa og fjallar jafnframt um viðhald og framkvæmdir. Hún er skipuð einum fulltrúa MÍR, einum fulltrúa MTB og einum fulltrúa eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Fulltrúi MÍR gegnir formennsku. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda þegar þurfa þykir – en að lágmarki tvisvar sinnum á ári. Hússtjórn getur boðað umsjónarmann fasteignarinnar á fundi sína. Þá getur stjórnin boðað aðra þá til fundar sem hún telur þörf á hverju sinni. Seta í hússtjórn er ólaunuð.

7. gr. Upplýsingaskylda og eftirlit

MTB skal senda hússtjórn Tjarnarbíós árlega starfs- og fjárhagsáætlun sína. Áætlun skal greina rekstrarlegt umfang starfsemi Tjarnarbíós á komandi ári, fyrirhugað samstarf og ætlað umfang starfsemi í húsinu. Þá skal einnig tilkynna hússtjórn um gjaldskrá einu sinni á ári eða jafnan þegar á henni verða breytingar.

MTB kynnir hússtjórn jafnframt árlega stöðu rekstrar og framgang starfsáætlunar og skal á sama tíma leggja fram áritaðan ársreikning rekstrarfélags um Tjarnarbíó. MTB kynnir stöðu Tjarnarbíós og áætlunir fyrir menningar,- íþrótt- og tómstundaráði ef óskað er eftir. Telji MTB hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal hússtjórn tilkynnt um það skriflega án tafar.

Telji hússtjórn misbrest á framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlunar eða óviðunandi óvissu ríkja um rekstur starfsemi í Tjarnarbíói ber henni að tilkynna það menningar,- íþrótt- og tómstundaráði. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til MTB hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. júlí 2026 til 30. júní 2027. Samráðsfundur aðila um mat og mögulega endurnýjun samnings fari fram í síðasta lagi í apríl 2027 að frumkvæði hússtjórnar.

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

F.h. Reykjavíkurborgar,
Arnfríður Valdimarsdóttir

F.h. Tjarnarbíós,
Snæbjörn Brynjarsson

Menningar- og íþróttasvið f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og sjálfseignarstofnunin Bókmenntahátíð í Reykjavík kt. 560710-0700, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Bókmenntahátíð í Reykjavík á tímabilinu 1. janúar 2027 til 31. desember 2029.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Bókmenntahátíð í Reykjavík er að:

- vekja athygli á og kynna íslenskar bókmenntir hér á landi og erlendis
- efla Reykjavík sem eina af Bókmenntaborgum UNESCO
- kynna íslenskum lesendum helstu strauma og stefnur í alþjóðlegum og innlendum bókmenntaheimi,
- gera Bókmenntahátíð í Reykjavík kleift að bjóða innlendum og erlendum rithöfundum, útgefendum og fræðimönnum, til bókmenntahátíðar og skipuleggja með þeim upplestra, fyrirlestra, viðtöl, málþing og kynningar,
- tryggja samfellu og framþróun í tvíærri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar.

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Bókmenntahátíð í Reykjavík fjárhæðina kr. 4.000.000 árlega á tímabilinu 2027-2029.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 1.000.000 1.-3. hvers eftirtaldrá mánaða, mars, júní, september og nóvember.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Bókmenntahátíðar í Reykjavík nr. 513-14-603117.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2028 og 2029 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breytttri fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Bókmenntahátíðar í Reykjavík

Bókmenntahátíð í Reykjavík hefur verið haldin að jafnaði annað hvert ár síðan árið 1985. Hátíðin þykir einstök og hefur orðið öðrum erlendum hátíðum innblástur auk þess sem hún er afar virt og vinsæl á meðal rithöfunda, blaðamanna og útgefenda. Auk erlendra og íslenskra höfunda taka þátt á hverri hátíð erlendir blaðamenn og útgefendur. Hátíðin hefur á liðnum árum stofnað til tveggja verðlauna í samstarfi við aðra aðila sem veitt eru í tengslum við Bókmenntahátíð í Reykjavík, þýðendaverðlauna annars vegar og alþjóðlegra bókmenntaverðlauna sem kennd eru við Halldór Laxness hins vegar.

Markmið Bókmenntahátíðar í Reykjavík er:

- að kynna lesendum og bókaunnendum í Reykjavík og á landinu öllu það helsta sem er að gerast í heimi alþjóðlegra bókmennta og ýta undir áhuga lesenda á áhugaverðum og spennandi þýddum bókmenntum. Hátíðin býður til Reykjavíkur helstu rithöfundum samtímans hvaðanæva að, lætur þýða úr verkum þeirra að hluta eða hvetur til útgáfu þeirra hjá íslenskum útgefendum og býður upp á vettvang þar sem höfundar og lesendur koma saman;



Reykjavík

- að halda á lofti umræðu um lýðræði, prentfrelsi og tjáningarfrelsi. Unnið er að því með því að bjóða til þátttöku á Bókmenntahátíðinni einstaklingum, höfundum, fræðimönnum, blaðamönnum og útgefendum, sem hafa látið sig þau mál varða og fjallað um þau svo eftir er tekið;
- að kynna íslenskar bókmenntir út á við og styrkja tengsl íslenskra útgefenda við erlenda kollega sína. Það er gert með því að bjóða hingað til lands erlendum útgefendum og ritstjórum til dagskrár þar sem sjónum er beint að íslenskum höfundum og bókmenntaverkum;
- að vera opin öllum lesendum og áhugafólki um bækur og ýta undir áhuga á bókmenntum í breiðum skilningi þessa orðs. Það er gert með því að hafa á boðstólum spennandi dagskrá á ýmsum stöðum í borginni fyrir alla aldurshópa þar sem aðgangur er ókeypis og opin öllum. Meðal fjölbreyttra dagskráratríða mætti nefna hringborðsumræður, fyrirlestra, spurningakeppni (pub quiz), upplestra, áritanir og samtöl á sviði;
- að styrkja stöðu Reykjavíkur sem bókmenntaborgar UNESCO. Hátíðin á í góðu samstarfi og samtali við bókmenntaborgina Reykjavík í því skyni og breiðir út lífandi bókmenntalíf um borgina.

3. gr. Ábyrgð

Bókmenntahátíð í Reykjavík ber ábyrgð á að starfsemi hátíðarinnar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Bókmenntahátíð í Reykjavík ber ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Bókmenntahátíð í Reykjavík er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Bókmenntahátíðar í Reykjavík héraendis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Bókmenntahátíð í Reykjavík sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Bókmenntahátíð í Reykjavík birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarborgar á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkur er tengiliður samningsins við Bókmenntahátíð í Reykjavík. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2027-2029, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Bókmenntahátíðar í Reykjavík fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarborgar skal boða til fundanna. Bókmenntahátíð í Reykjavík skal á árlegum fundum leggja fram áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og áritaðan ársreikning fyrra árs.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Bókmenntahátíð í Reykjavík hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til

Bókmenntahátíð í Reykjavík hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningurinn gildir til 31. des. 2029.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framur fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna árána 2027, 2028 og 2029. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samningurinn er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Bókmenntahátíðar í Reykjavík

Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir
skrifstofustjóri

Stella Soffía Jóhannesdóttir
framkvæmdastjóri